



Stjórnarfundur FKA #8

Starfsár: 2025-2026

Staður: Teams

Dagsetning: 7.1.2026

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Margrét Hannesdóttir (MH), Þuríður Aradóttir Braun (ÞAB), Jasmina Vajzovic (JV), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll:

1 – Opnun, einn stuttur hringur í upphafi árs (ISS)

Stjórnarkonur ræða markmið ársins ef einhver, skemmtileg umræða á sér stað.

2 – Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)

AR greinir frá miklum meðbyr í starfinu og jákvæðni innan félagsins. Haft hefur verið samband við skrifstofu félagsins vegna mögulegs samstarfs frá ýmsum aðilum, sem er ánægjulegt. Verkefni eru að vanda mörg og fjölbreytt og enginn dagur eins.

Fram undan eru meðal annars myndatökur og heimsóknir til styrktaraðila, auk áframhaldandi vinnu tengdri stórum viðburðum sem eru á dagskrá, þar á meðal Viðurkenningarhátíðinni og Sýnileikadeginum. Allar nefndir eru komnar í startholur og að hefja störf. Nýsköpunarnefnd er meðal annars farin að skipuleggja Nýsköpunarviku og önnur verkefni eru í undirbúningi, s.s. AWE, Kauphöllin, Hringrásardagurinn, Jafnvægisvogin og fleiri.

Greint er frá ánægjulegri heimsókn á Bessastaði þar sem FKA var boðið, en AR og ISS sóttu heimsóknina fyrir hönd félagsins. Formaður mun samnýta ferð norður og sækja Nýliðakynningu þar 9.febrúar.

Varðandi fjármál félagsins kemur fram að AR og RV munu hafa samband við þær félagskonur sem eiga ógreidda reikninga. Samstarf við Mundakot gengur vel, Regla-appið er komið í notkun, ásamt öðru.

Þá er einnig greint frá nokkrum viðtölum í fjölmiðlum á fyrri hluta starfsársins, meðal annars við framkvæmdastjóra og formann í Viðskiptablaði, Sóknarfæri o.fl.

3 – Viðurkenningarhátíð 28. janúar nk. staðan (AR, ÞAB)

Allt er samkvæmt áætlun og búið er að velja viðurkenningarhafa. Viðtöl í fjölmiðlum hafa verið skipulögð síðar í vikunni.

ISS greinir frá því að hefð sé fyrir því að stjórn fái upplýsingar um hvaða konur hljóta viðurkenningar sama dag og hátíðin fer fram. Núverandi stjórn er sammála um að halda sig við þann viðtekna hátt.

ÞAB bendir á að fyrir næstu ár væri æskilegt að skrá ferlið betur, þar á meðal með skýrum tímaramma, til að tryggja að framkvæmd gangi snuðrulaust fyrir sig.

AR mun boða stjórnarfund fyrr um daginn vegna æfingar og annars undirbúnings. Farið er lauslega yfir skipulag dagsins.

4 – Viðburðir fram undan (AR)

Farið er yfir komandi viðburði og hvernig samstarf gengur við nefndirnar. Margir og fjölbreyttir viðburðir um allt land.

5 – Framfylgni laga, kjörstjórn, ráð og aðalfundur s.s. staður (ISS, GHJ)

Tekin er ákvörðun um að halda næsta aðalfund í Borgartúni, þar sem húsnæðið hentar vel. Dagsetning aðalfundar er ákveðin þann 21. maí nk. Fulltrúaráðsfundur verður boðaður 12. janúar nk., sbr. 12. grein laga félagsins.

Umræða fer fram um innihald laga félagsins en þau taka ekki á því ef sú staða kemur upp – sem hefur reyndar gerst – þegar kona eða konur segja sig úr stjórn, kona í stjórn er kosin sem formaður, og varakonur taka sæti í þeirra stað. Spurning hvort nægilegt er að hafa þrjár varakonur eða hvort þörf sé á fleiri. Einnig vaknar upp sú spurning hvort stjórn eigi að auglýsa eftir breytingum á lögum innan raða félagskvenna, senda jafnvel út markpóst.

Lög félagsins eru rædd í heild sinni. GHJ hvetur stjórnarkonur til að kynna sér lögina og starfsreglur félagsins vel. Hún greinir frá því að hún, ásamt fleiri stjórnarkonum, hefði athugasemdir við ýmis ákvæði laganna og telur að tilefni sé til að endurskoða og einfalda þau, þannig að þau endurspegli betur starfsemi og þarfir félagsins. Meðal þeirra atriða sem rædd eru og ekki er kveðið á um í lögum félagsins er sú staða sem getur komið upp þegar ein eða fleiri konur segja sig úr stjórn eða það sem gerðist sl. vor þegar stjórnarkona sem var kjörin til tveggja ára steig upp í sæti formanns og þar með var sæti hennar sem stjórnarkonu mannað með fyrstu varakonu í stað þess að fylla sérstaklega í það á aðalfundi. Í slíkum tilvikum taka varakonur sæti, en spurt var hvort nægilegt væri að hafa þrjár varakonur eða hvort þörf væri á fleiri. Meðal annars hefur FKA borist athugasemd í ár frá Skattinum þess efnis að lögum félagsins sé ekki framfylgt sökum þess að allar varakonur hafa stigið upp í föst sæti og þar með engar varakonur til staðar. Því var velt upp hvort stjórn ætti að auglýsa eftir tillögum að lagabreytingum innan hóps félagskvenna og einnig ákveðið að hafa samband við lögsögukonur (GHJ, ISS).

Umræða fer fram um kjörstjórn með vísan í lög félagsins. Samkvæmt 30. grein laganna er kjörstjórn skipuð þremur félagskonum og þremur til vara. Kjörtímabil kjörstjórnarfulltrúa er þrjú ár, þannig að ein kona er kosin í aðdraganda aðalfundar ár hvert og ein varakona. GHJ setur fram athugasemd við lengd kjörtímabilsins og taldi að tímaramminn sé of langur en það hefur sýnt sig að konur skila sér ekki alltaf í kjörstjórn að ári. Einnig er rætt hvort æskilegt væri að óska eftir áhugasömum konum í svokallaðan „kjörstjórnarpott“.

Bent er á að þörf væri á endurskoðun á fleiri ákvæðum í lögum félagsins.

GHJ óskar eftir því að stjórnarkonur færu yfir yfirlit sem hún hefur sett inn á Teams varðandi mögulegar breytingar á lögum félagsins og settu þar inn sínar athugasemdir.

Að lokum er rætt um mikilvægi Fulltrúaráðs, Trúnaðarráðs og annarra lykilhlutverka innan félagsins.

6 – Sýnileikadagur (RV, AR)

Farið er yfir stöðu verkefnisins og stjórn upplýst að allt sé samkvæmt áætlun og á réttum tíma. Nefndin hefur þegar haldið tvo fundi og undirbúningur nú þegar kominn á fulla ferð.

Auglýst hefur verið eftir ljósmyndara og samfélagsmiðlaskáldi inni á lokuðu FB síðunni og í markpósti til allra félagskvenna. Hönnun á útliti auglýsinga er lokið og unnið er að útfærslu þeirra.

Mat stendur nú yfir á fyrirlesurum sem falla að þema dagsins, sem í ár er „**Að skapa sig og endurskapa**“, þegar;

- við þorum að tala um óvissu, ótta, hugrekki
- við stöndum frammi fyrir lífinu ungar og í upphafi starfsferils
- gamla útgáfan dugar ekki lengur
- við vöxum upp úr gömlu lífi og venjum
- orkan hverfur, gleðin dofnar
- eitthvað þarf að breytast
- við þurfum að sleppa því sem þjónar ekki lengur
- við ákveðum að við þurfum ekki að tikka í öll boxin
- eitthvað brotnar og verður að upphafi endursköpunar
- við finnum að endursköpun þarf að koma innan frá
- við lærum að treysta ferlinu
- við látum bara vaða án þess að kryfja allt til mergjar
- við iðkum þakklæti og treystum á innsæið

Styrktaraðilar FKA fá sviðið en búið er að ganga frá því við alla viðeigandi aðila.

RV kynnir stjórn yfirlit yfir verkefnið í verkefnastjórnarkerfinu Asana. Því hefur verið skipt upp í flokka: undirbúning, dagskrá, viðburðardag, eftir viðburð, minnispunkta og fundi. Hverju ábyrgðarhlutverki er úthlutað þaðan, sem einfaldar vinnu og gefur góða yfirsýn yfir stöðuna hverju sinni.

RV bendir á að grunnur að öllum verkþáttum og tímalína muni einfalda vinnu næstu nefnda og draga úr álagi á skrifstofu, hvort heldur að notað verði áfram Asana, Teams planner eða annað tól.

RV mun halda áfram að sinna verkefninu sem fulltrúi stjórnar í Sýnileikadagsnefnd.

7 – Alþjóðasamskipti og Alþjóðadagur (JC, AR)

Alþjóðadagurinn verður haldinn 8. mars nk. Undirbúningur hefur þegar hafist, og JC og Hanna Guðfinna Benediktsdóttir vinna náið saman að samræmingu verkefna. Dagurinn lendir um helgi, sem setur ákveðna annmarka sem þarf að hafa í huga. Hanna hefur tekið vel á málunum og stýrir undirbúningi fyrir hönd FKA.

Fundur verður haldinn í næstu viku til að fara yfir skipulagsþætti og næstu skref. JC mun halda utan um fundinn fyrir hönd stjórnar.

8 – Heimasíða og ferlar (AR, GHJ, ÞAB)

Einhverjir hnökror hafa verið á ferlinu inni á heimasíðunni, en búið er að koma í veg fyrir þá og allt gengur eins og í sögu. Tíminn mun svo leiða það í ljós að allt virki eins og það á að gera, með hverri nýskráningu, úrsögn og annað.

9 – Önnur mál

- **KVENN**

Sama staða og í síðustu fundargerð.

ÞH mun heyra í Elinóru varðandi stöðu mála og unnið verður áfram að verkefninu með nýsköpunarnefnd með það að leiðarljósi að það hafi raunverulegan tilgang fyrir hag kvenna og tækifæri í nýsköpun fyrir þær.

- **Fulltrúaráð**

Fundur er áætlaður í næstu viku sbr. lið 5. Mælt er með að í upphafi verði hver og ein með kynningu á sér og að fundurinn komi til með að vera með vissan útgangspunkt fyrir næstu skref.

Formaður og varaformaður koma til með að stýra fundi með skýra vísan í lögin.

- **Kanadíska sendiráðið**

Umræða og ákvörðun um að tengja þau við Fjólu formann Atvinnurekenda Auðs.

ISS mun koma á tengingu í gegnum tölvupóst, þar sem lýst verður áhuga á nánara samstarfi og vilja til að skipuleggja viðburð með þeim.

- **ISS, GHJ og AR rýna nefndir og koma með tillögu?**

Umræða fer fram um að stofnað yrði t.d. Fræðslu- og markaðsráð og að núverandi skipulag er of bundið í fastan ramma. Markmiðið væri að skapa samstarf frekar en skiptinguna „við og þið“ og ná meira framlagi úr nefndunum.

Umræða um raunveruleg hlutverk þeirra og það hvort þær hafi í reynd náð markmiðum sínum. Fram kemur að mörg atriði sem hingað til hafa verið fastir liðir þurfi að endurskoða, endurraða og endurhugsa frá grunni.

Lög félagsins eiga að veita aðhald, rýna starfsemi deilda og nefnda og tryggja skýran tilgang þeirra. Stjórn ber ábyrgð á heildarstjórn og fylgni við lög og reglur, auk þess að fylgjast með samvirkni innan félagsins.

Málið verður tekið áfram til frekari úrvinnslu.

Fundi slitið 13.40.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.